

**Sigbór Hilmarsson Lyngmo**  
**Hjalti Þór Þorvaldsson**

**23.11.2023**  
**Þingskjal 360 - 349. mál.**

**Stjórnarfrumvarp um breytingu á vopnalögum nr. 16/1998.**

Undirritaðir vilja koma á framfæri athugasemdum sínum varðandi breytingu vopnalaga. Okkur finnst þó nokkuð hart tekið á söfnunarvopnum.

Staðan er sú að verið sé að ráðast á áhugamannahóp og "hobby" fólk, sem er endastig skotvopnaleyfis. Frekar en að hugsa einungis um aukningu öryggis landsins.

Það eru góðar ástæður og orðið tímabært að fara yfir þessi lög og margir góðir kostir við frumvarpið eins og t.d. að öll skotvopn skulu vera geymd í byssuskápum og það á lögheimili eiganda/ábyrgðarmanns. Einnig er gott að lögregla megi fylgjast með vopnum enda á tilgangur þessara breytinga að vera aukning öryggis í landinu varðandi skotvopn. Við viljum einnig minnast á það að það tíðkast nú þegar að lögregla kíki í heimsókn til fólks sem hefur söfnunarleyfi og að í lögum þá verða öll söfnunarvopn að vera í löggiltum byssuskápum.

Til að bera saman hálfsjálfvirkan riffil og hálfsjálfvirka haglabyssu. Þá þyrfti maður að fá sér skotvopnaleyfi, bíða í 5 ár. Fá söfnunarleyfi og finna sögulegan riffil til að fá riffil af þeim skala. En til að fá haglabyssuna, þá þyrfti maður að fá skotvopnaleyfi, bíða í eitt ár og fara úr í búð. Í lögum er nefnt að hálfsjálfvirkar haglabyssur megi einungis hafa 2 skot í geymslu en það er auðvelt að komast hjá því með því að breyta vopninu. Furðulegt er að það sé verið að banna hlutinn sem erfitt er að fá, án þess að þæla nokkuð í aðgengi að skotvopnum yfir höfuð.

Okkur fannst einnig ósmekklegt að ráðherra hafi tengt sjálfsvígstíðni við söfnunaráhugamálið í 3ja andsvari sínu þegar spurt var af hverju væri verið að fara svona hart í málið. Auðvitað er sorglegt þegar fólk fyrirfer sér. En að nefna það kemur í raun söfnunar vopnum ekki meira við heldur en öðrum skotvopnum.

Frekar en að herða einungis lög sem hafa áhrif á áhugamenn, en ekki öryggi landsins. Þá ætti að spá meira í aðgengi að ólöglegum og A-B stigi skotvopna. Því það er þó nokkuð ólíklegt að glæpamenn sem ætli að framkvæma hryðjuverk, myndu fara í gegnum allt það strit, erfiðleika og bið eftir gömlum skotvopnum. Frekar en að finna aðra leið.

Við ýtum undir umsögn Björns Ásgeirssonar, að því leyti að endurskoða frumvarpið og gera það almennilega í stað einhverra prufukeyrslulaga sem endurskoða þarf innan skamms. Viljum einnig benda aftur á þetta fallega rit á síðustu blaðsíðu umsagnar hans. Það segir sig nokkuð sjálft.

**Sigbór Hilmarsson Lyngmo kt. 0306982749**  
**Hjalti Þór Þorvaldsson kt. 1911982559**